

# Nóvember

# Pési

177.tbl.14.árgangur nóv. 2004  
Útgefandi: Hrunamannahreppur  
Netfang: [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)  
Heimasíða: fludir.is  
Ritstj. Ísólfur Gylfi Pálmason  
Sími: 480 6600

**Næsti Pési kemur út 10. des**

**Skilafrestur á efni er til 6. des.**

## **Frá íþróttahúsinu á Flúðum**

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga - miðvikudaga	15:30-21:00
Fimmtudaga	13:00-21:00
Föstudaga	13:00-21:00
Laugardaga	LOKAÐ
Sunnudaga	14:00-21:00

## **Frá sundlauginni á Flúðum**

### **Opnunartími**

Mánudaga - föstudaga	17:00-21:30
Laugard og sunnudaga	13:00-18:00

## Málefni aldraðra

Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps þann 1. september s.l. var skipuð nefnd til þess að huga að íbúðarmálum aldraðra í Hrunamannahreppi. Valin maður er í hverju rúmi í nefndinni. Henni stýrir Guðbjörg Björgvinsdóttir en auk hennar eru í nefndinni þau Loftur Þorsteinsson, Sr Eiríkur Jóhannsson, Þorbjörg Grímsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon. Nefndin vinnur mjög faglega og skipulega. M.a. hefur hún sent út skoðunarkönnun um fyrirhugaðar þarfir eldri borgara á húsnæði og þjónustu. Mjög góð þátttaka virðist í könnuninni og sýnir það vel áhuga eldra fólks á þessum málum hér í hreppnum. Áður en nefndin hóf störf höfðu ýmsir áhugasamir einstaklingar haft samband við sveitarstjóra og oddvita vegna þessa. Þannig hefur Sigríður Tómasdóttir heitið að gefa land undir íbúðir fyrir aldraða. Það er um íbúðarmál aldraðra og þjónustu við aldraða eins og um ýmis mál að sitt sýnist hverjum. Það sjáum við m.a. í greinum hér í blaðinu. Munum að orð eru til alls fyrst og nauðsynlegt er að ræða þessi mál opið og ég er ekki í nokkrum vafa um að við komumst að sameiginlegri niðurstöðu þegar upp verður staðið, sem flestir geta sætt sig við. Það var verulega snjallt hjá nefndinni að kanna hug fólksins og vinna út frá því. Finna þarf út hverskonar rekstrarform á að vera á stofnun sem þessari, hvernig þjónustu skal háttað, hvernig eignarform er o.s.frv. Vissulega er hér um mjög áhugaverð og nauðsynleg mál að ræða og vanda þarf alla vinnu í sambandi við málefni aldraðra. Við höfum í langan tíma einbeitt okkur að þörfum yngri kynslóðarinnar sem erfir landið, nú er komið að því að huga betur að þeim sem skópu það samfélag sem við búum í, hina nægjusömu kynslóð sem hefur lifað tímana tvenna. En allt hefur sinn tíma og vanda þarf til verka.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

## Loksins, loksins ADSL

Íbúar hér hafa lengi beðið eftir háhraðatengingu. Ef allt fer að skilum verður búnaðurinn settur upp hér á Flúðum um miðjan þennan mánuð. Þessi tenging er á vegum Símans. Tenging virkar í ákveðnum radíus út frá móðurstöðinni. Áfram verðum við að huga að þessari tækni víðar um hreppinn. Bent skal á að einstaklingar bjóða uppá þjónustu í háhraðatengingum með sérstökum búnaði. Einn þeirra er t.d. Daníel Halldórsson í Efra-Seli, einnig fyrirtækið Ábótinn í Gnúpverjahreppi og fleiri mætti nefna. Þetta getur varla brugðist núna því kassar eru farnir að berast frá Símanum hingað en móðurstöðin verður í Ráðhúsinu sem Póstur og Sími áttu saman í “gamla daga.”

## Ný framleiðsla á Melum

Þau hjónin Helga og Guðjón á Melum eru iðinn við kolann. Nú hafa þau sett á markaðinn nýja gerð tómata sem þau kalla Konfektótómat. Þau eru fyrst til þessarar framleiðslu hér. Þetta er gert til þess að auka fjölbreytni í framleiðslu á grænmeti á Íslandi. Þannig að við getum verið sem sjálfbærust á þessu sviði hér á landi og við eigum að kappkosta að velja alltaf íslenskt grænmeti. Nú verður hægt að bjóða uppá konfektótómata í stað Nóa-Sírúskonfekts – en konfektótomatarnir eru bæði og hollari og betri “og gera mönnum svo gott” eins og Guðjón orðaði það svo ágætlega.

## Enn stendur yfir verkfall.

Eftir að miðlunartillaga sáttasemjara var felld hófst á ný verkfall kennara. Mjög alvarleg staða hefur skapast vegna þessa. Eins og áður hefur komið fram í Pésanum bitnar verkfallið á röngum aðilum þ.e. börnunum sem eru að undirbúa sig undir lífið. Umræða hefur skapast um það hvort einstaka sveitarfélög geti ekki samið við sinn kennarahóp. Svo einfalt er þetta ekki þó að sveitarstjórn hafi á fundum sínum fjallað um þá stöðu sem komin er upp. Launanefnd sveitafélag er viðsemjandinn og við verðum að vona að viðsemjendur nái saman sem allra fyrst annars verður skólustarf í uppnámi í landinu þetta skólaárið.

## **Vörðukórinn leggur land undir fót.**

Svanhildur á kontórnum lagði upp í langa ferð ásamt félögum sínum í Vörðukórnum og sungu þau við mikinn orðstý í Skagafirði og á Húsavík. Einnig héldu þau tónleika í Selfosskirkju s.l. föstudagskvöld. Við getum verið stolt af því að Svanhildur er einmitt formaður kórsins. Mjög góður rómur var gerður að söng kórsins,- enda stefna þau til Ítalíu. Þá söng Karlakór Hreppamanna á miklu kóramóti karlakóra sem haldið var á Stokkseyri í október, á sama hátt þóttu karlarnir standa sig vel miðað við aldur og fyrri störf.

## **Karlakvöld hjá karlakórnum**

Einn og einn gleðimaður er í Karlakór Hreppamanna. Nú leggja þeir nótt við dag að undirbúa karlakvöld sem verður haldið í kvöld 12. nóvember. Þeir sem eru nýir í kórnum hafa mikið heyrt talað um karlakórs rauð og hafa þeir sem ekki vita betur ímyndað sér að hér sé um gæðing að ræða ekki ósvipuðum Neista frá Skollagróf. Altént mun bíll frá Agli Skallagrímssyni koma með þá rauðu og talið að hann þurfi a.m.k. að koma tvær ferðir hingað uppeftir. Búið er að ráða veislustjóra og ræðumann og þeir sem þetta lesa þurfa ekki að óttast að það verði sveitarstjórinn ykkar að þessu sinni – þannig að þeir sem eru af sterkara kyninu þurfa ekki að láta það hindra þátttöku í gleðikvöldinu.

Karlakórsmeðlimir bjóða öðrum körlum með sér þannig að þetta verður hugsanlega eins og konan sagði forðum, þegar hún var spurð hvort karlarnir fengju að koma með í kvenfélagsferðalagið. “Nei að sjálfsgöðu ekki þetta er skemmtiferð” Nú er bara spurningin um það hvort þetta verður alvöru skemmtikvöld hjá körlunum í kórnum?

## **Skipulagstillaga á lokastigi**

Ötullega er unnið að lokafrágangi að tillögum um aðalskipulag Hrunamannahrepps fyrir árin 2003 til 2015. Þegar tillögurnar verða fullbúnar verður enn boðað til borgarafundar til þess að kynna þær. Þvínæst fara þær í ákveðið ferli hjá Skipulagsstjóra ríkisins áður en þær verða endanlega samþykktar. Aðalskipulagið er í raun hluti af framtíðarsýn byggðarlagsins

## **Menningarhúsið í Efra-Seli**

Það er alltaf eitthvað um að vera í Golfskálanum í Efra-Seli. Nú hefur gamli bassaleikarinn hjá Geirmundi, Sólmundur Friðriksson, kennt fólki á gítar og nú hafa margir náð þessum þremur gripum sem fleygt hafa mönnum áfram á tónlistarsviðinu. Einhverjir hafa lært tangó hjá Ástu og Halldóri og enn aðrir eru farnir að fönðra fyrir jólin. Þetta eru allt uppbyggileg og spennandi verkefni og Golfskálinn breytist í menningarhús yfir veturinn.

### **Nýr bókavörður.**

Eva Marín Hlynsdóttir hefur látið af störfum sem forstöðumaður Bókasafns Hrunamanna. Hún hefur staðið sig mjög vel í því starfi og eru þökkuð góð störf. Eva hefur m.a. unnið að því að tölvuskrá safnið sem er hluti af nútímavinnubrögðum bókasafna. Við starfi Evu tekur Áslaug Bjarnadóttir og er hún boðin velkomin til starfa. Íbúar hreppsins eru hvattir til þess að nýta sér þjónustu bókasafnsins.

### **Breyting á almannavörnum**

Sýslumaðurinn okkar Ólafur Helgi Kjartansson boðar til fundar með bæjar og sveitarstjórnarmönnum í Árnessýslu, þriðjudaginn 16. nóvember kl. 13. Þar verða rædd löggæslumál í sýslunni. Eitt þeirra mála sem þarfnast afgreiðslu er sameining almannavarnanefnda í Árnessýslu og mun það verða rætt. Afstaða sýslumanns í því máli er skýr eins og fram kemur í bréfi frá honum til sveitarstjórnar. “Kröftum bæði manna og fjár, er betur varið með því að ein almannavarnarnefnd starfi í Árnessýslu. Hins vegar þarf að skipuleggja vettvangsstjórn með tilliti til þarfa íbúa.” Ef íbúar Hrunamannahrepps vilja koma erindum til fundarins er þeim bent á að tala við sveitarstjóra.

### **Skólaliðar á námskeiði**

Skólaliðarnir okkar sækja nú námskeið er tengist störfum þeirra. Skólaliðarnir og starfsfólk skólans hefur kappkostað að undirbúa ytri umgjörð skólans sem best þrátt fyrir verkfallið. Þegar skólaliðar hafa lokið námi fá þeir réttindi sem stuðningsfulltrúar en þessi störf eru til þess að gera ný í skólum landsins og eru til aðstoðar í innra starfi skólans.

### **Kvenfélagskonur brugðu undir sig betri fætinum**

Þær eru magnaðar konurnar í Kvenfélagi Hrunamannahrepps. Í síðustu viku brugðu þær undir sig betri fætinum og fóru til Kaupmannahafnar. Anna Ásmundsdóttir var fararstjóri enda þekkir hún borgina eins og handarbakið á sér.

Kvenfélagskonurnar eiga það fyllilega skilið að gera sér glaðan dag – þær vinna ómetanlegt starf í okkar sveitarfélagi og það sem best er að allar komu þær aftur.

### **Flugkappar**

Þeir eru ekkert blávatn flugkapparnir á Flúðum. Nú hefur þúsundþjalasmiðurinn Guðmundur Magnússon og garðyrkjufrómuðurinn Georg Ottósson fest kaup á flugvél sem þeir eru að endurbyggja og komið hefur verið fyrir á verkstæði Guðmundar. Á verkstæðinu kennir margra grasa því ekki er þar einungis flugvélin heldur forláta hringstigi sem Guðmundur hefur smíðað úr íslensku lerki. Hann hefur tröllatru á íslenskum viði og geta smiðir og áhugamenn um nýtingu innlands trjáviðar margt af honum lært um notkun innlands trjáviðar.

### **Kb banki gefur vesti**

Guðný Sigurðardóttir kom færandi hendi á leikskólann okkar í vikunni f.h. Kb. banka. En bankinn styrkti kaup á fallegum vestum til útivistar – þannig að ungvíðið verður enn upplýstara þegar það tekur sér göngutúr. Sveitarstjórn þakkar forsvarsmönnum bankans fyrir hugulemina. Ungu fólkið var fallett og virðulegt þegar hópurinn var kominn í vestið og mátti sjá glampa af björgunarsveitartilfinningu hjá nokkrum ungum mönnum.

### **Landnýtingaráætlun á Hrunamannaafrétti**

Á dögnum skrifaði sveitarstjóri f.h. Hrunamannahrepps undir Landnýtingar og landbótaáætlun 22004 – 2008 en Sigprúður Jónsdóttir skrifaði undir samninginn f.h. Landgræðslunnar. Þetta er fyrsti samningur sinnar tegundar sem undirritaður er á Suðurlandi en þetta tengist sauðfjársamningi. Öllum sem komu að þessu máli er þakkað af alhug og vinna Sigurðar H. Magnússonar, líffræðings er algerlega ómetanleg en hann gaf sínu gamla sveitarfélagi alla sína vinnu og gögn er tengjast áætluninni.

## Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudaginn 19. nóv fimmtudaginn 2. des  
og föstudaginn 17. des.

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

**VIOLA - snyrtistofa á Flúðum**  
**Eftirfarandi meðferðir eru í boði:**

*Andlitsbæ*

*Húðhreinsun*

*Litun og plokkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Förðun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímapantanir í síma 566-8342*

*og 897-3741(HÍÍF)*

## **VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA**

Daglegar ferðir FLÚÐIR- REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

**Vöruafgreiðsla í Rvk.**

**AÐALFLUTNINGAR ehf.**

**Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.**

**Brottför frá Reykjavík: alla virka daga kl. 13:00**

**Á Selfossi hjá HÚSASM. og BYKO kl 14:00**

**Nánari upplýsingar: Jóh. Unnar Guðmundsson**

**Sími: 898-3741 Högnastíg 1 Flúðum**



## **FLÚÐALEIÐ ehf.**

**Vöruflutningar**

**Ferðaáætlun**

**Alla virka daga**

**Frá: VM Flytjanda**

**Klettagörðum 15, kl: 15:00**

**Frá Selfossi kl: 16:00**

**Pálmár: 892-2370 Bílstjóri: 892-2371**

**Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693**

**Netfang: [fludal@hvippinn.is](mailto:fludal@hvippinn.is)**



## **Til sölu.**

Kojur úr furu með góðum springdýnum

2 x 0,90 m

Geta líka staðið sem tvö frístandandi rúm

Upplýsingar í s: 486-6561 / 896-6561

## **Jólastjörnusala Kiwanisklúbbsins Gullfoss**

Eins og undanfarin ár mun Kiwanisklúbburinn Gullfoss bjóða sveitungunum jólastjörnu til kaups fyrir jólin og mun salan fara fram dagana 26 -28 nóv.

Að þessu sinni er ætlunin að ágóði af sölunni renni til tölvukaupa fyrir Sigmar Sigþórsson Högnastíg 15 á Flúðum, en

Kiwanisklúbburinn og Kvenfélag Hrunamannahrepps standa saman að tölvukaupunum. Sigmar sem er 10 ára og er nemandi í Flúðaskóla, er með sjaldgæfan taugasjúkdóm, sem lýsir sér m.a. í erfiðleikum með að beita skriffæri.

Kiwanisklúbburinn Gullfoss þakkar góðar viðtökur undanfarin ár og væntir stuðnings að þessu sinni



Kiwanisklúbburinn Gullfoss  
**Atvinna - Atvinna - Atvinna.**  
Okkur vantar duglegan og áreiðanlegan  
starfsmann strax  
**Flúðafiskur hf**  
**S: 486-6783 / 896-6098**

### Atvinna

Garðyrkjustöð óskar eftir að ráða starfskraft  
í hlutastarf frá áramótum  
Upplýsingar í sínum 896-8139 eða 864-6639

### **Barnavagn**

Rauður Silver Cross barnavagn fæst gefins  
Nánari upplýsingar í gsm. 846-9482

### **Til sölu**

**Talva með skjá og lyklaborði**  
**Uppl.í s.486-6623 / 8993016**

### Sófasett til sölu

Rúmlega tveggja ára gamalt og vel með farið sett, 2+3.  
Keypt í Húsgagnahöllinni, selst á kr 40.000.  
Upplýsingar hjá Hafdísi og Sóla  
í síma 821-2415 / 821-2690

**Á ekki einhver gamla 8 mm. myndbandsupptökuvél  
sem fæst fyrir lítið.**  
**Verður að vera í sæmilegu ástandi**  
**Eva sími 486-6728**

## Hugleiðingar um málefni aldraðra

Í lögum um málefni aldraðra(1 gr.) segir að aldraðir eigi að njóta jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur. Það borga allir sem greiða skatt á annað borð í framkvæmdasjóð aldraðra og fjármagn úr honum ber að nota til þess að stuðla að uppbyggingu og að efla öldrunarþjónustu um **land allt.**

Í þeirri umræðu sem komið var af stað vegna dvalarheimilis fyrir aldraða er hugmynd okkar sú að þar yrðu byggð herbergi(íverustaðir) með snyrtingu og einungis vaski og ísskáp ef fólk vill, í svonefndan eldhúskrók.Stærðin á íverustað gæti verið mismunandi eftir því hvort um hjón er að ræða eða einstakling en gera má ráð fyrir fleiri einstaklingum því fólk vill vera heima hjá sér eins lengi og það getur og reynist það vissulega auðveldara þar sem tveir eru. Gert verði ráð fyrir því að það sé mötuneyti og matsalur og sameiginlegt þjónusturými s.s föndurstofa, setustofa og fl. Ekki er ætlast til þess að fólk hafi eldunaraðstöðu enda sýnir reynsla frá öðrum stöðum að eldunaraðstaða er engan veginn nauðsynleg enda sé fólk komið til þess að njóta fullrar þjónustu.Fólk komi með það sem það vill inn í sinn íverustað sjálfst.Aðgengi sé gott og bílastæði næg því fjöldi dvalargesta gæti haft sinn bíl. Yfirleitt er þrifið einu sinni í viku á slíkum stöðum, utan sameiginlegs þjónusturýmis.Dvalarheimili kallar á aukið framboð á vinnu þó ekki þurfi margt starfsfólk. Það

má kalla þetta þjónustuíbúðir en það er ekki hugmynd okkar sem höfum komið þessari umræðu af stað að sveitarfélagið (eða eignarhaldsfélag) sé að byggja fullbúnar íbúðir fyrir eldri borgara. Ef fólk vill minnka þannig við sig þá kaupir það á frjálsum markaði eða leigir á frjálsum markaði. Ekki er aðstaða nú til þess að allir sem vildu geti fengið íbúðir enda eru þær íbúðir sem fyrir eru fullbúnar og líkastar íbúðum á frjálsum markaði og leigjast nú þegar trúlega sem slíkar því þar er ekkert sameiginlegt mötuneyti (þó þangað sé komið með mat yfir vetrartímam) og er engan veginn hægt að bjóða fólki sem ekki kemst í þessar íbúðir uppá þessa tilhögun eða mismunun, enda eru íbúðirnar ekki allar undir sama þaki og sumir þurfa að fara út til þess að fara í matinn. Sveitin gæti selt þær eða leigt eða gert það sem hagstæðast er. Hugsunin er sú að dvalarheimilið sé fyrir fólk þegar öryggisleysi og kvíði við það að vera einn er orðin staðreynd. Það reynist mörgum eldri borgurum erfitt að búa einir og þá er einnig hætt á því að fólk hætti að elda mat og nærast því ekki. Einnig lendir fólk í vissri einangrun og það þarf á félagslegri uppörvun að halda. Að finna til öryggis er það sem fólk þarfnast. Það eiga ekki allir fjármagn til þess að kaupa sig inní þjónustuíverustaði þess vegna ætti þetta einungis að vera leiga og að fólk borgi eins og á öðrum dvalarheimilum. Hægt er að gera þetta að vistlegu dvalarheimili og það ætti að byggja stórt strax því það er hagkvæmara og huga verður að framtíðinni því ekki er fólksfækkun í hreppnum og þess vegna mun þörfin aukast

frekar en hitt. Þörfin er til staðar núna því það er fólk sem er á dvalarheimilum víða um land sem er úr hreppnum en gæti dvalið á þessu dvalarheimili einnig er fólk í hreppnum sem vildi gjarna geta notið þessarar þjónustu nú þegar. Það ætti að vera markmið sveitarfélagsins að bjóða eldri borgurum eins og öðrum íbúum sveitarfélagsins að geta verið áhyggjulausir og borið höfuðið hátt og getað hlakkað til efri áranna en ekki kvíða þeim og eiga það á hættu að verða sendir út og suður þar sem dvalarpláss finnst. Það er hámark virðingarleysisins við eldri borgara og fjölskyldur þeirra. Það er tími til kominn að eldri borgarar fái þessa sjálfsögðu þjónustu og umhyggju. Fjármagn hefur verið nefnt, ríkið borgar hluta og sér um heilbrigðishlutann en sveitarfélagið þarf líka að leggja til fé og það sér um félagslega þáttinn, en það má líka fá fyrirtæki til þess að styrkja þessa byggingu og einnig er trúlegt að unga fólkið í sveitinni og ættingjar eldri borgara mundu vilja hjálpa til við þessa byggingu því það er ekkert samfélag sem ekki vill auka við menningu sína og auðga mannlífið og það fæst einungis með því að allir fái notið sín sama á hvaða aldursskeiði fólk er. Bréf þetta hefur áður verið sent til nefndar um málefni aldraðra vegna spurningalista/könnunar um þörf og úrræði í húsnaðismálum eldri borgara sem sent var út nú nýverið og er nú sett í Pésann til þess að það vekji fólk til umhugsunar og að umræða skapist og vonandi framkvæmdir að framtíðarlausnum í dvalar og þjónustumálum aldraðra í sveitinni.

Kveðjur Sigrún Tómasdóttir og Kristjana Sigmundsdóttir

## **Fréttir frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps:**

Lítið brot frá starfi okkar það sem af er ári.

Gaman er að segja frá ferð sem farin var fyrir tilstilli æsku og vímuvarnanefndar og sem gengið hefur undir nafninu föstudagsfjör. Við buðum unglingum til Reykjavíkur í keilu, erum við stoltar af þessu unga fólki sem var okkur öllum til fyrirmyndar.

Viljum við þakka þeim öllum fyrir frábæra kvöldstund.

Að venju var farið með eldri borgara í dagsferð í boði félagsins.

Styrk veittum við til fjölskyldunnar í Háholti.

Eins og flestir vita hefur kællir í Félagsheimilinu verið bilaður, sem kemur mjög illa við alla sem þar starfa. Sáum við ekki annan kost þar sem ekki fékkst fjármagn annars staðar frá, þá greiddum við þann kostnað til að koma honum í gagnið.

Nýja pressan þarf ekki að ganga alla daga einungis þegar einhver þarf að nota kælinn, sem er mikill kostur.

Þetta er brot af því starfi sem Kvenfélagið hefur innt af höndum að undanfögnu.

Vonandi getum við haldið áfram að láta gott af okkur leiða.

Kveðja stjórnin.

Ásdís, Margrét og Íris Brynja.

### **Ágætu Kvenfélagskonur:**

Okkar árlegi haustfundur verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna miðvikudagskvöldið 17 nóvember kl.20.30.

Venjuleg haustfundarstörf.

Nýjar félagskonur ávallt velkomnar.

Léttar veitingar í boði félagsins.

Stjórnin

## Frá Bókasafni Hrunamanna.

Nú eru nýjar bækur að koma í bókasafnið. Má þar meðal annars nefna:

Kleifarvatn	-	Arnaldur Indriðason
Sakleysingjarnir	-	Ólafur Jóhann Ólafsson
Barn að eilífu	-	Sigmundur Ernir Rúnarsson
Eftirmál	-	Njörður P. Njarðvík
Flóttinn	-	Sindri Freysson
Forsætisráðherrar Íslands		Ólafur T. Guðnason
Kárahnjúkar, með og á móti		Ómar Ragnarsson
Arabíukonur	-	Jóhanna Kristjónsdóttir
Allt hold er hey -		Þorgrímur Þráinsson
Bátur með segli og allt		Gerður Kristný

### Ellefur mínútur - Paulo Coelho

Svipt frelsinu	-	Malika Oufkir
Píanóleikarinn	-	Wladyslaw Szpilman
Týnd	-	Karin Alvtegen
Himnaför	-	Xinan
Englar & Djöflar	-	Dan Brown
Leynardómur ljónsins		Brynhildur Þórarinsdóttir
Undir 4 augu	-	Þorgrímur Þráinsson
Fíasól í fínum fötum	-	Kristín Helga Gunnarsdóttir

Auk þess: Greppibarnið, Svona gera prinsessur, Kattabókin, Lóla Rós, Skúli skelfir, Kafteinn Ofurbrók, Litli bangsi, Pabbi minn, Emil í Kattholti og fleiri bækur.

Einnig til útláns: Vikan, Gestgjafinn, Hús og hífýli, Galdrastelpur, Andrés Önd syrpan og fleira.

### Bókasafnið er opið:

**Mánudaga kl. 20-21**

**Þriðjudaga kl. 16-18**

**Miðvikudaga kl. 16-18**

**Fimmtudaga kl. 16-18**

Lánstími bóka er 4 vikur en 2 vikur ef bókin er merkt skammtímaláni.

Útlán má framlengja með einu símtali. Sé bókum ekki skilað á réttum tíma, skal greiða 5,- kr. á dag fyrir allar bækur nema barnabækur en á þær eru lagðar 3,- kr. á hverja bók. Vinsamlegast:

**Munið að skila á réttum tíma!**

**Sími bókasafnsins er: 486 6708 Sjáumst í bókasafninu**

Netfang : bokhrun@eyjar.is

## Viðhorfskönnun um þörf á íbúðarhúsnæði fyrir eldri borgara

Eins og kunnugt er hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps sett saman starfshóp til að kanna áhuga og möguleika á byggingu húsnæðis fyrir eldri borgara eða þá sem kynnu að vilja minnka við sig.

Starfshópurinn stóð fyrir viðhorfskönnun meðal allra Hrunamanna 60 ára og eldri varðandi þetta málefni. Alls svöruðu 56 af þeim 119 sem fengu spurningalista eða tæpur helmingur. Hér á eftir getur að líta spurningarnar og samantekt á svörum: Svörin eru flokkuð efir aldri svarenda. Eins kemur fram hversu margir svöruðu í hverjum aldursflokki.

1. Sérð þú fyrir þér, að þú munir á næstu árum hafa áhuga á að flytja úr núverandi húsnæði þínu í húsnæði sem skipulagt væri með þarfir eldra fólks í huga?

- Já strax
- Já innan fimm ára
- Já innan tíu ára
- Já, síðar
- Nei

Hvenær/aldur	60-69	70-79	80-89	90+	Samtals
<b>Strax</b>	1	1	1		3
<b>Innan 5 ára</b>	3	5			8
<b>Innan 10 ára</b>	4	6			10
<b>Síðar</b>	7	3	3		13
<b>Nei</b>	9	7	1		17
<b>Svara ekki</b>	1	1	2	1	5
<b>Hlutfall íbúa</b>	25/63	23/40	7/11	1/5	56/119

2. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að flytja í slíkt húsnæði?

- Mjög mikinn
- Mikinn
- Nokkuð mikinn
- Lítinn
- Engan

Áhugi/aldur	60-69	70-79	80-89	90+	Samtals
Mjög mikinn	3	2	1		6
Mikinn		3	1		4
Nokkuð mikinn	9	5	2		16
Lítinn	8	6	2		16
Engan					0
Svara ekki	5	7	1	1	14
Hlutfall íbúa	25/63	23/40	7/11	1/5	56/119

3. Hvernig húsnæði gætir þú helst hugsað þér?

- Rúmgóða 2-3 herb. Íbúð (60-70 fm.)
- Litla íbúð (40-59 fm.)
- Einstaklingsíbúð með eldhúskrók og baðherbergi (30-39 fm.)
- Eitthvað annað

Stærð/aldur	60-69	70-79	80-89	90+	Samtals
60-70 fm.	9	4	3		16
40-59 fm.	6	7	2		15
30-39 fm.	1	5	1		7
Annað					0
Svara ekki	9	7	1	1	18
Hlutfall íbúa	25/63	23/40	7/11	1/5	56/119

4. Hvernig telur þú best að eignarhaldi verði háttáð á húsnæði af þessu tagi?

- Húsnæði verði að öllu leyti í eigu viðkomandi íbúa, aðeins greitt fyrir sameiginlega þjónustu.
- Húsnæði að hluta til í eigu íbúa, íbúar greiði tiltölulega lága leigu.
- Húsnæði að öllu leyti í eigu sveitarfélags eða eignarhaldsfélags, íbúar greiði leigu.
- Hef ekki mótaða skoðun.



Eignarhald/aldur	60-69	70-79	80-89	90+	Samtals
Einkaeign	1	1	1		3
Eign að hluta	6	5	2		13
Sveit/félag	9	7	2		18
Ómótuð skoðun	4	3	1		8
Svara ekki	5	7	1	1	14
Hlutfall íbúa	25/63	23/40	7/11	1/5	56/119

5. Getur þú bent á einhvern stað eða staði sem þú hefur kynnst og telur að hafa mætti sem fyrirmynd að húsnæði af þessu tagi.

Alls nefndu 12 íbúar húsnæði fyrir aldraða í Þorlákshöfn, tveir nefndu Hrafnistu í Hafnarfirði, tveir húsnæði aldraðra á Blönduósi og einn húsnæði aldraðra í Búðardal, á Hellu og Selfossi.

Ýmsar gagnlegar athugasemdir og ábendingar voru settar á blað í könnuninni. Margir hvöttu til þess að strax yrði hafist handa við að reisa húsnæði fyrir aldraða á Flúðum. Þá komu athugasemdir frá nokkrum í aldursflokknum 60-69 ára um að þeir hefðu lítin sem engan áhuga en það kynni að breytast ef aðstæður þeirra breyttust. Margir nefndu mikilvægi þess að húsnæðið væri staðsett nálægt verslun og annarri þjónustu.

Aðeins 3 svarenda kváðust tilbúnir að flytja í slíkt húsnæði strax en 18 til viðbótar innan 10 ára. Þá voru alls 26 svarendur sem sýndu nokkuð mikinn, mikinn eða mjög mikinn áhuga á slíku húsnæði. Mun herra hlutfall svara barst frá aldurshópnum 70-79 ára og 80-89 ára en í aldurshópnum 60-69 ára. Af því má draga þá ályktun að þeir sem eldri eru hafi meiri áhuga á byggingu slíks húsnæðis sem telja má eðlilegt. Hjá þeim sem svöruðu var þó ekki mikill munur á áhuga milli aldursflokka. Þeir sem eldri eru hafa hins vegar vitanlega áhuga á að nýta sér slíkt húsnæði fyrr en þeir sem yngri eru. Fólk í aldurshópnum 60-69 ára hefur almennt áhuga á stærra húsnæði en þeir sem eldri eru en það virðist að hluta til mega skýra með því að mun herra hlutfall hjónafólks er í þeim aldurshópi en í eldri aldursflokkunum. Flestir svarenda (18) höfðu áhuga á því að húsnæði fyrir eldri borgara

yrði í eigu sveitarfélagsins eða eignarhaldfélags en nokkru færri (13) töldu rétt að húsnæðið yrði að hluta til í eigu íbúa.

Þess má geta að nokkrir einstaklingar eldri en 80 ára eru þegar á hjúkrunar- eða dvalarheimilum utan sveitar. Nokkur áhugi var á að boðið yrði upp á hjúkrunarþjónustu í hreppnum. Eins má nefna að þrír þeirra sem svöruðu í aldurshópnum 80-89 búa í íbúðum aldraðra á Flúðum.

Eftir er að vinna nánar úr könnuninni, m.a. að kanna nánar hug þeirra sem lýstu nokkuð miklum, miklum eða mjög miklum áhuga á að flytja í húsnæði fyrir aldraða strax eða á næstu 5 eða næstu 10 árum. Viðhorf þessa fólks skiptir vissulega mestu varðandi framhaldið. Þá ætlar nefndin á næstunni að ræða við fulltrúa sveitarfélagsins um það með hvaða hætti sveitarfélagið geti komið að uppbyggingu og rekstri slíks húsnæðis.

Enda þótt ráðið verði af fjölda svara og viðhorfi svarenda að verulegur áhugi sé fyrir hendi um byggingu húsnæðis fyrir aldraða í Hrunamannahreppi virðist sem hugmyndir fólks séu afar margbreytilegar, bæði hvað varðar stærð, fyrirkomulag og eignarhald. Það er því verðugt verkefni sem biður nefndarinnar og sveitarstjórnar að finna heppilega lausn sem mætt getur þörfum sem allra flestra og kanna grundvöll fyrir uppbyggingu og rekstri slíks húsnæðis. Svör í viðhorfskönnuninni eru afar gagnleg í því starfi sem er framundan og er þakklæti starfshópsins til þeirra sem tóku þátt hér með komið á framfæri.

### **Frá fjáröflunarnefnd Kvenfélagsins**

Þann 28.nóvember verður haldinn hinn árlegi fjáröflunardagur Kvenfélagsins í Félagsheimilinu og hefst hann kl 14.00. Við verðum þar með hlutaveltu og kökubasar ásamt því að seldar verða rjúkandi vöflur og súkkulaði.

Ágætu félagskonur án ykkar má nefndin sín lítils, því treystum við á ykkar framlag. Kökur og ýmis varningur er vel þeginn og tökum við á móti framlögum ykkar frá kl 13.00 á laugardeginum.

Við bjóðum einstaklingum og félögum aðstöðu í salnum, vinsamlegast pantið hjá nefndinni fyrir laugardaginn 27.nóv.

Tökum höndum saman og vinnum að góðu málefni.

Með kveðju

Lilja s: 4866657,Barbara s: 4866739,Júlía s:4866426,María:4866520

## Í HRINGIÐUNNI

Það var þarft framtak að gefa út sveitablað hér svo sem víða er gert. Reyndar hef ég aldrei sætt mig við nafnið sem ber vott um takmarkað hugmyndaflug. Eigi að síður eiga þeir þakkir skyldar sem settu Pésann á flot á sínum tíma.

Þó að margt hafi farið á betri veg með útgáfuna nú á síðustu misserum er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að gera betur. Lyfta Pésanum á “hærra plan,” eins og nóbelskáldið sagði forðum. Ekki hvað síst með stóraukinni tækni í ljósritun og ljósmyndagerð.

Það er mín skoðun að við sveitungarnir eigum að taka meiri þátt í margskonar umræðu í okkar ágæta sveitarfélagi í þessu riti en verið hefur. Ferst mér um að tala sem aldrei hef skrifað nokkurn staf í Pésann, fyrr en núna, þó verið hafi fréttaritari Moggans í 32 ár. Hef að vísu lagt örlitla hönd á plóg með gerð heimasíðu sveitarfélagsins, fludir.is. Hvað skyldu margir lesa hana?

Allt orkar tvímælis þá gert er, og tvær hliðar eru á öllum málum, margar hliðar á sumum. Sjónarmiðin mismunandi sem betur fer og sjálfsagt og rétt að skiptast á skoðunum. Það er af hinu góða, “orð eru til alls fyrst” segir máltækið. Mér dettur t.d. í hug sitthvað um skilti og vegagerð að þessu sinni.

### Skilti eru nauðsynleg

Ekki þarf að hafa mörg orð um hve öll umferð hefur aukist mikið, ekki hvað síst með fjölgun ferðamanna og frístundahúsaeigenda.

Eitt af því nauðsynlega eru hverskonar skilti sem upplýsa alla vegfarendur, hvort heldur er um að ræða umferðaskilti eða upplýsingaskilti.

Það er sorglegt að vita að skilti skuli ekki fá að vera í friði, óskiljanleg skemmdarfrkn einkennir sumt fólk. Þetta fólk á bágt. Nefna má skilti um bann við lausagöngu hunda sem var sagað niður við eitt frístundahúsahverfið. Hitt er líka slæmt að ekki séu sett upp skilti þar sem þeirra er þörf. Þar má t.d. nefna skilti sem vísar á sundlaugina og eru alþjóðleg. Ég hef orðið var við ferðafólk sem veit ekki af lauginni. Einnig fólk sem hefur þurft

að leita að henni um þéttbýlið á Flúðum. Á ferðanefnd eða sveitarstjórn að sjá um slíka uppsetningu, kannski íþróttanefnd?

Áður en vegabætur voru gerðar við Brúarhlöð var þar skilti sem á stóð Hrunamannahreppur. Mín skoðum er að þar þurfi að koma skilti með uppdrætti af svæðinu og örnefnum en svæðið er afar fagurt og sérstætt. Fyrirsögnin ætti auðvitað að vera: Velkomin í Hrunamannahrepp. Nefna má að ekkert endurskinsmerki er við enda Selsvegur þegar komið er þaðan utanað, margir lítt kunnugir sækja heim golfvöllinn á Efra-Seli. Ekki var sett upp skilti þar sem malbik endar skammt fyrir framan Hvítárdal og hafa þó orðið umferðaróhöpp. Ekki var sett upp skilti fyrir sunnan Hellisholtalæk fyrr en nokkur alvarleg umferðaróhöpp og slys höfðu orðið þar. Reyndar þarf að gera þar betur og bæta á stöngina: Hættulegar beygjur, svo sem víða er við svipaðar kringumstæður. Ef einhver samgöngunefnd er til innan sveitarfélagsins þá væri tími til kominn að hún tæki fram vökustaurana. Einnig mætti nefna skilti við afréttarhliðið þar sem m.a. ætti að krefjast góðrar umgengni á þessu víðáttumikla en viðkvæma útivistarsvæði. Að akstur utan vega er bannaður, einnig að ekki megi gista í skálum sveitarfélagsins án leyfis o.fl. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að Samband íslenskra sveitarfélaga hefði átt að vera búið að láta gera slík stöðluð skilti fyrir löngu og setja við hvert afréttarhlið á landinu. Hálendi Íslands er ómetanlegt og stórfenglegt. Þröngsýnissjónarmið mega ekki ráða ferðinni svo sem var við byggingu einbreiðu brúarinnar yfir Stóru-Laxá árið 1987. Skulu forráðamenn vegagerðarinnar sem og þeir sem sátu þá í sveitarstjórn ævinlega eiga bággt fyrir. Svo hneykslaður og reiður var ég að ég setti aldrei frétt um það dæmalaus mannvirki í Morgunblaðið. Enda kom á daginn að margir árekstrar hafa orðið þar og slys á fólki. Fleira mætti til taka en verður ekki að sinni þó margt sé hægt að skrifa um vegi, skilti og önnur umferðarmál.

Sigurður Sigmundsson











